# GREIN SEM KARLMENN ERU EKKI BÚNIR AÐ EIGNA SÉR





Í kjölfar kvenréttindabaráttunnar á sjöunda áratug síðustu aldar vaknaði áhugi á efnisheimi og menningarhefðum kvenna og varð mikil upphafning á sérstökum kvenlegum gildum í listum. Meðal annars á hefðbundnu handverki sem konur hér á landi höfðu unnið í fjöldamörg ár.[1]

1 Auður Ólafsdóttir, „Að rekja upp þráð listasögunnar: Hildur Bjarnadóttir," *Skírnir* 180. árgangur, tölublað vor (2006): 233.



Það er mikilvægt að halda þræðinum áfram á lofti og nota hann almennt í listum og sköpun. Þannig mætti tengja betur handverk og listir og halda áfram að varðveita þann menningararf sem tilheyrir langri sögu kvenna á Íslandi.



Með því að taka þráðinn upp í myndvefnaði fundu konur nýjan tjáningarmáta en mikil þörf var á því.[2] Myndlist endurspeglar ávallt tíðaranda eða sögu hvers tíma og myndvefnaðurinn hentaði vel til þess að koma á framfæri hugmyndafræði kvennahreyfingarinnar.[3]

2 Hildur Hákonardóttir, 8. október 2020, *Víddirnar.*

3 Hafþór Yngvason. *Með viljann að vopni – Endurlit 1970–1980. „Formáli."* Hrafnhildur Schram, Auður Styrkársdóttir og Jennifer Riddell, (Listasafn Reykjavíkur, 2010), 6.




Vefnaður á Íslandi hefur haft mikla þýðingu fyrir okkur sem þjóð. Þáttur hans í sögu okkar spannar allt frá því að hafa verið okkar helsti gjaldmiðill yfir í að verða sterkt tól í kvennabaráttu.